

Nd.

433. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitist úr ríkissjóði $\frac{1}{5}$ kostnaðar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1200000.00 — tólf hundruð þúsundum króna — gegn því, að frá hafnarsjóði Skagastrandar komi $\frac{1}{5}$ kostnaðar.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1800000.00 — átján hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðarinnar. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 41 27. júní 1941 úr gildi felld.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugt mál, að Skagastrandarkauptún er einhver allra álitlegasti staður á landinu til aukinnar framleiðslu og atvinnu. Byggist það á sérstaklega æskilegum skilyrðum til fiskveiða og síldveiða samfara ágætri aðstöðu til ræktunar og aukinnar landbúnaðarframleiðslu út frá kauptúninu. Síldin er á hverju sumri sótt næstum að hafnarstaðnum á Skagaströnd og flutt til Siglufjarðar og það í stórum stíl, og bezta síldin er venjulega Húnaflóasíldin. Sangönguskilyrðin við Skagaströnd eru betri en við nokkurn annan síldveiðistað á Norður- og Vesturlandi. Frá Reykjavík er þangað rúmlega hálf dags akstur að sumri til, og tiltölulega lítið vantar til, að þangað sé hægt að komast á svipuðum tíma allan ársins hring, þegar fært er til Norðurlands. Það, sem veldur því, að þarna er ekki komin síldveiðistöð og stórt kauptún, er það, hve Alþingi hefur verið smátækt á fjárveitingar til hafnargerðarinnar. Kostnaður við að fullgera hana var í upphafi áætlaður 800 þús. krónur. Fyrir þá upphæð hefði mátt ljúka verkinu, ef að því hefði verið gengið eins og ég lagði til 1934 og þá tekið lán til framkvæmdanna. Nú mundi samkvæmt meðfylgjandi áætlun vítamálstjórnarinnar kosta 3 millj. króna að fullgera þetta verk. Þar af er búið að vinna fyrir rúmlega 690 þús. kr. á síðustu 10 árum. Það, sem eftir er að framkvæma, er þetta:

1. Sextíu metra lenging á hafnargarðinum, og er það verk áætlað 990 þús. kr.
2. Bátakví og bryggjur, áætlað 1105 þús. kr.
3. Garður út í Árbakkasteina, áætlaður 257 þús. kr.

Samkvæmt þessum áætlunum fer ég fram á það í þessu frumvarpi að breyta hafnarlögnum í það horf að hækka fjárveitingarheimildina úr 400 þús. í 1200 þús. kr. og ábyrgðarheimildina úr 600 þús. í 1800 þús. kr. Þau mannvirki, sem hér er um að ræða, er áriðandi að framkvæma hið fyrsta, en mest aðkallandi er að ljúka við hafnargarðinn sjálfan. Þegar hann er kominn, geta öll þau skip lagzt að, sem nú eru í notkun innan lands við veiðar og flutninga.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 12. október 1944.

Hafnargerð á Skagaströnd. Kostnaðaráætlun.

| | |
|---|---------------------------------|
| I. Lenging hafnargarðs: | |
| Lenging aðalhafnargarðs um 60 m, miðað við sömu gerð og áður (steinsteypuker). Garðbreidd 7,5 m | kr. 990000.00 |
| II. Bátakví og bryggjur: | |
| 1. Framlenging skipabryggju um 30 m | kr. 185000.00 |
| 2. Vesturgarður við bátakví (125 m) | — 59000.00 |
| 3. Að fullgera austurgarð: | |
| a. 80—90 m viðbót fram að beygju | — 148000.00 |
| b. 50 m grjótfyllt staurabryggja í enda garðs | — 300000.00 |
| 4. Aðrir garðar | — 83000.00 |
| | kr. 775000.00 |
| Dýpkun og fylling ca. 33000 m ³ á kr. 10.00 | — 330000.00 |
| | Bátahöfn samtals kr. 1105000.00 |
| III. Garður frá landi í Árbakkasteina, lengd ca. 250 m | kr. 257000.00 |
| Samandregin kostnaðaráætlun. | |
| I. Framlenging hafnargarðs | kr. 990000.00 |
| II. Að fullgera bátahöfn | — 1105000.00 |
| III. Garður í Árbakkasteina | — 257000.00 |
| | Kr. 2352000.00 |